

Tengt nafn: "Spendrup, Jens Madsen (1680-1735)"

1 [Steinn Jónsson (1660-1739)]

**Minningarljóð**

[Minningarljóð um Jens Madtzen Spendrup sýslumann, d. 6. okt. 1735. [Á blaðfæti:] Prickt a Hoolum i Hialltadal Anno 1735.]

*Útgáfustaður og -ár:* Hólar, e.t.v. 1735

*Tengt nafn:* Spendrup, Jens Madsen (1680-1735)

*Umfang:* [1] bls.

*Athugasemd:* Slitur af þessu arkarblaði eru varðveitt í Landsbókasafni. Það er neðri hluti blaðsins sem á eru 12 áttmælt erindi í þremur dálkum, og sér á hluta tveggja erinda og fáeina stafi hins þriðja sem ofar standa. Af erindunum er ljóst um hvern ort er. Í Sýslumannaævum segir um Jens Spendrup: „Steinn biskup orkti eptir hann ljóð, dróttkveðin í 15 vísu áttmæltum ...“ (I, 409). Þar segir enn fremur: „Oddur Magnússon hefir kveðið eptir hann undir sýslumanns Spendrups nafni, sub titulo: Hodie mihi, cras tibi, melod: Far heimur, far sæll; og undir hans eptirlifandi ekkju nafni, sub titulo: gemebundus sed gratulatorius Echo, melod: Hymnus Davidis: Princeps stelliferis etc. í 20 stefum, ... samt 2 áttmæltum versum í grafskript.“ Ekki er þess getið hvort þetta hafi verið prentað.

*Efnisorð:* Bókmenntir ; Kveðskapur / Kvæði ; Erfikvæði / Erfiljóð ; Einblöðungar  
*Rafrænn aðgangur:* <https://baekur.is/bok/70ad423a-6df7-41ed-85c5-929fe25aa38d>